

Fimmtudaginn 1. nóvember 1979.

Nr. 211/1977. **Runólfur Sölvason**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Ásgeiri Húnbogasyni

(Garðar Garðarsson hdl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. nóvember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði þá látinn niður falla bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdómsins, hefur sjálfur tekið við forræði máls síns hér fyrir dómi. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi eingöngu reist kröfur sínar á þeim ástæðum, sem í héraðsdómi voru taldar leiða til skaðabótaskyldu áfrýjanda. Með kröfugerð sinni hér fyrir dómi hefur stefndi fallið frá kröfu um, að bætur til hans vegna tímabundins vinnutekjutaps og varanlegrar örorku verði ákveðnar í tvennu lagi.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 180.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Runólfur Sölvason, greiði stefnda, Ásgeiri

Húnbogasyni, 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 6. júlí 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. júní sl., hefur Húnbogi Þorleifsson, Hólagötu 41, Njarðvík, fyrir hönd ólögráða sonar síns, Ásgeirs, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur með stefnu, útgefinni 21. október 1976 og birtri 25. október s. á., á hendur Runólfi Sölvasyni framkvæmdastjóra, Langholti 13, Keflavík, vegna einka-fyrirtækis hans, hraðfrystihússins Saltvers við Þórustíg, Njarðvík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 820.672 auk 13% árs-vaxta frá 26. júní 1973 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eins og nú var greint að því viðbættu, að gerð er krafa um málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hinn 14. júní sl. veitti dómsmálaráðherra stefnanda í máli þessu gjafsókn.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, sem jafnframt verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu, en til vara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda.

Sátta hefur verið leitað, en án árangurs.

II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu (sic): „ . . . sumarið 1973 réðst sonur stefnanda, Ásgeir, sem þá var 13 ára að aldri, í vinnu til hraðfrystihússins Saltvers við Þórustíg, Njarðvík, og var ætlunin, að Ásgeir ynni þar við ýmis létt aðstoðarstörf, sem börn og unglingar ráða vel við. 26. júní 1973, kl. 2330 að kvöldi, skipaði verkstjóri Saltvers Ásgeiri að þvo og hreinsa hakka-vél, sem notuð er til að hakka fiskúrgang, og var vélin enn í gangi. Ásgeir hlýddi skipuninni þegar og hóf að hreinsa vélina að utan með handbursta. Þá vildi það til, að hann steig á fiskúrgang, sem safnast hafði við vélina og ekki hafði verið hirt um að hreinsa frá henni, rann til, brá fyrir sig hægri hendinni, sem lenti í hakkavélinni (hér á eftir nefnd marningsvél — innskot dómara) með þeim afleiðingum, að fremsta köggul vísifingurs hægri handar tók af.“

Ásgeir Húnbogason gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 16. október 1973. Ekki er ástæða til að rekja efni hennar sérstaklega, þar sem hún er í meginatriðum samhljóða skýrslu hans fyrir dómi, sbr. hér á eftir.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 1. nóvember 1973 skýrði Sólrún Jensdóttir verkstjóri, þá til heimilis að Hóla-götu 33, Ytri-Njarðvík, en nú búsett í Færeyjum, svo frá, að hún hefði klukkan um 2330, er vinnu var að ljúka, beðið Ásgeir að þvo og hreinsa umrædda vél. Hún hafi tekið fram við hann, að hann ætti að slökkva á vélinni, áður en hann færi að þvo hana. Hún kvað hann oft hafa þvegið vélina áður. Hún kvað Ásgeir hafa haft bursta til þvottarins, en hann hafi verið fastur í vélinni, er hún kom þar að og vélin þá verið stöðvuð. Muni hún hafa „slegið út“. Hún kvað ýmsan úrgang hafa verið á gólf-inu við vélina og því hált þar og muni drengurinn „alveg hafa getað runnið í því“. Hún kvaðst strax hafa komið drengnum undir læknishendur. Hann hafi verið búinn að vinna allan dag-inn, en þetta kvöld hins vegar verið hið eina, sem hann vann svo lengi.

Hinn 15. febrúar sl. fór dómurinn á vettvang til skoðunar á aðstæðum, og rannsóknarlögreglumaður var fenginn til að taka ljósmyndir til framlagningar í málinu. Ásgeir Húnbogason sýndi afstöðu sína til marningsvélarinnar, er slysið varð. Ofan á vél-inni er ferhyrnd mótunartrekt, efri brún hennar í 107.5 sm hæð og vídd efra ops 45.5x45.5 sm, en neðra ops 21.5x20 sm. Við neðra op trektarinnar eru gatatromla og marningssívalningur, sem við vinnslu snúast öndvert, og gengur fiskmarningur út um annan enda tromlunnar, en fiskúrgangur út frá annarri hlið hennar.

Nefndan dag kom Ásgeir Húnbogason fyrir dóminn til skýrslu-gjafar. Hann kvaðst hafa verið búinn að vinna í nokkrar vikur við humar- og fiskvinnslu í hraðfrystihúsi Saltvers, er slysið varð, og þar af nokkrum sinnum við marningsvélina, sem hann við skoðun kvað vera hina sömu og að öllu leyti óbreytta. Vél-in hafi verið í aðalvinnslusal fyrirtækisins, u. þ. b. 1 metra frá vegg, og sú hlið, sem beinaúrgangur gengur frá, vitað að veggnum. Hann kvaðst aldrei áður hafa hreinsað vélina, ekki séð neinn vinna það verk og ekki vitað, hvernig framkvæma skyldi. Hann kvað verkstjóran, Sólrúnu, hafa látið hann fá sápuvatn í bakka og handbursta og sagt honum að hreinsa vélina, án frekari leið-beininga, en vatnsslöngur í salnum hafi ekki náð, til að með þeim

yrði sprautað á vélina. Hann kvaðst hafa staðið milli vélarinnar og veggjarins og verið að skrúbba mötunartrektina innanverða, en vélin verið í gangi. Hann hafi verið með handskrúbb, skaftlausan, og gúmhanska á höndum. Þeim megin, sem hann stóð, hafi bakki staðið á gólfinu við vélina til að taka við fiskúrgangi og rétt hjá, þ. e. við enda gatatromlunnar, hafi einnig verið bakki til að taka við fiskmarningnum. Úr þessum bökkum hafi viljað detta og þannig hafi verið í umrætt sinn, að fiskagnir voru á blautu gólfinu, en þó ekki í óvanalega miklum mæli. Hann kvaðst allt í einu hafa runnið til og fallið með hægri hönd niður um trektina þar að, sem gatatromlan og marningssívalningur snerust hvort gegn öðru, með þeim afleiðingum, að handburstinn kubbaðist í sundur og fremsti köggull af vísifingri hægri handar. Hann kvað engan sjónarvott hafa verið að slysinu, þótt allmargt fólk væri í salnum. Nefnda Sólrúnu kvað hann hafa verið alllangt í burtu. Hann kvað yfirleitt hafa verið unnið til kl. 1800 og því óvanalega lengi að verið í umrætt sinn, þótt hann minntist ekki að hafa verið sérstaklega þreyttur eða syfjaður. Aðspurður um óþægindi í fingri sagði Ásgeir, að á sl. hausti hefði þurft að skera burtu nögl og óeðlilega mikið kulað í fingurinn.

Stefndi gaf skýrslu fyrir dóminum í þinghaldi hinn 27. apríl sl. Hann kvað yfirleitt hafa verið um tuttugu manns að störfum í vinnslusalnum og Sólrún Jensdóttir annast þar verkstjórn um tveggja ára skeið og reynst með eindæmum samviskusöm í starfi. Hann kvaðst ekki hafa verið í hraðfrystihúsinu, er slysið varð, enda hefði það þá ekki orðið, þar sem hann hefði gætt þess, að ekki væri verið að þrífa vélina, meðan hún væri í gangi, hann hefði þegar í stað slökkt á marningsvélinni, hefði hann séð, að verið væri að hreinsa hana í gangi. Hann kvað það vera algengt í hraðfrystihúsi Saltvers, að unglingar 13—14 ára ynnu við marningsvélar og starfið ekki talið ýkja hættulegt, nema verið væri að fíkta við þær. Hann kvað Ásgeir hafa verið tekinn í vinnu sakir kunningsskapar og samkvæmt eindreginni ósk stefnanda. Stefndi kvað Öryggiseftirlit ríkisins ekki hafa verið tilkynnt sérstaklega um slys þetta, en hins vegar komi fulltrúar þess alltaf öðru hverju á staðinn og hefðu athugasemdir aldrei verið gerðar varðandi marningsvélinu, hvorki fyrir né eftir slysið.

Samkvæmt yfirliti, dskj. nr. 12, sem stefndi lagði fram í málinu, um vinnutíma og laun Ásgeirs Húnbogasonar starfaði hann

í fimm vikur hjá Saltveri, frá og með vikunni 26. maí — 1. júní 1973. Eftirvinnustundir voru fjórar til sex í viku hverri samkvæmt yfirlitinu og næturvinnustundir fimm í fyrstu viku og hinni síðustu, tvær í þriðju viku, en engar í öðrum vinnuvikum. Við yfirlitið er bætt þessum orðum: „Hann hefði ekki fengið vinnu nema til 1. ágúst, því þá er humarvertíð lokið“.

Fram hefur verið lagt ódagsett örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, svohljóðandi:

„Ásgeir Húnbogason, fæddur 18. mars 1960, til heimilis að Hólagötu 41, Ytri-Njarðvík.

Skv. upplýsingum, sem fyrir liggja, þá varð þessi drengur fyrir slysi 26. júní 1973.

Skv. upplýsingum, sem fyrir liggja, þá varð slysið með þeim hætti, að slasaði var að vinna við að hreinsa hakkavél, sem notuð var til að hakka fiskúrgang, og lenti hann þá með vísifingur hæ. handar í vélinni með þeim afleiðingum, að hann missti framan af fingrinum.

Það liggur fyrir vottorð Arnbjörns Ólafssonar, læknis, frá 20. júlí 1973, en hann stundaði slasaða eftir slysið.

Vottorð Arnbjörns er svohljóðandi:

Áverkavottorð.

Þann 26. júní 1973 að kvöldi kom til mín Ásgeir Húnbogason, Hólagötu 41, Ytri-Njarðvík, fæddur 18. mars 1960. Hafði Ásgeir að sögn lent í vél með hægri vísifingur og meiðst í honum.

Við skoðun var fremsti köggull hægri vísifingurs marinn af og beinið af um liðinn. Húð á fingrinum var öll marin og tætt, en tókst þó að loka henni framan við stúfinn. Sárið greri p. p., og voru saumar teknir á eðlilegum tíma.

Arnbjörn Ólafsson, læknir (sign.).

Drengurinn kom til viðtals hjá undirrituðum þ. 22. 7. 1975. Hann skýrir frá slysi og meðferð, eins og fram kemur hér að framan. Hann kveðst hafa verið frá vinnu það, sem eftir var sumars, en byrjaði í skóla um haustið og hefur síðan á sumrum unnið erfiðisvinnu.

Skoðun: Kveðst vera réttthentur. Það vantar eina kjúku á vísifingur hæ. handar. Það er vel gróið fyrir stúfinn, en naglkarta er í örinu. Virðist ekki vera sár. Snertiskyn er gott á fingurgóm og gripið gott og fingurgómurinn ekki aumur.

Hann hefur ekki aðrar kvartanir en að hann eigi bágt með að nota fingurinn til grips móti þumalfingri.

Ályktun: Hér er um að ræða 15 ára gamlan pilt, sem slasaðist

við vinnu sína fyrir tveim árum. Við slysið missti hann framan af vísifingri hæ. handar.

Vegna slyssins verður að telja, að hann hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mán. 100% örorka
 í 1 mán. 50% örorka
 í 1 mán. 25% örorka
 í 1 mán. 10% örorka
 og síðan varanleg örorka 5%“.

Einnig hafa verið lagðar fram tvær álitserðir Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dagsettar 30. október 1976 og 20. maí 1977.

Í fyrrnefndri álitserð segir m. a.:

„Þegar um er að ræða slys á drengjum, sem ekki hafa lokið skyldunámi, er ég vanur að áætla tap vinnutekna í samræmi við algengar tekjur verkamanna og styðst í því sambandi við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík. Árin 1973 og 1974 eru árstekjur fullorðinna verkamanna reiknaðar, eins og meðalvinnutekjur reyndust samkvæmt úrtaksrannsókninni hvort ár um sig, en frá ársbyrjun 1975 er stuðzt við reynslu 10 ára tímabilsins 1965—1974 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Með þessu móti reiknast mér árstekjur verða sem hér segir:

Árið 1973	kr. 628.901.-
— 1974	— 949.003.-
— 1975	— 1.160.386.-
Eftir þann tíma	— 1.268.962.-

Ofangreindar tekjur fullorðinna verkamanna legg ég til grundvallar frá 21 árs aldri. Frá 13 ára til 21 árs aldurs er gert ráð fyrir eftirfarandi hundraðshlutum af árstekjum fullorðinna verkamanna:

Á 14. ári	5%
— 15. —	10%
— 16. —	25%
— 17. —	75%
— 18. —	80%
— 19. —	85%
— 20. —	90%
— 21. —	95%

Miðað við þær árstekjur fullorðinna verkamanna, sem tilgreindar eru hér að framan, lækkun þeirra tekna á unglings-

árum samkvæmt ofanrituðu og tap tekna í samræmi við örorku-
matið reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi
nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán. eftir slysið .. kr. 4.642.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma — 540.653.-

Samtals kr. 545.295.-

Hér hefur verið reiknað með 9% ársvöxtum. Sé hins vegar
reiknað með 9% ársvöxtum frá slysdegi til 15. júlí 1974, en 13%
ársvöxtum eftir þann tíma, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnu-
tekna lækka um því sem næst 32,1% frá því, sem að ofan grein-
ir. Í þessu sambandi skal bent á, að við útreikninga af þessu
tagi hefur vaxtagrundvöllur, sem valinn er, því meiri áhrif á
niðurstöðu, sem börn eru yngri, er þau verða fyrir slysi.

Á það skal bent, að tekjuáætlun er við það miðuð, að árstekj-
ur dreifist jafnt yfir árið, og á þetta einnig við um unglingsárin.
Þar sem slys það, sem hér um ræðir, átti sér stað í júnímánuði,
og Ásgeir var þá í sumarvinnu, má ætla, að tjón hans það sum-
ar hafi orðið meira en hið reiknaða tjón af völdum tímabundins
orkutaps samkvæmt ofanrituðu. Kemur því til greina, að það
tjón verði í staðinn miðað við tiltæk gögn um tekjutapið.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til dagpeninga-
greiðslna, sem slasaði kann að hafa fengið frá Tryggingastofnun
ríkisins vegna slyssins.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftir-
lifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960. Um vaxtagrundvöll
skírskotast til framangreindra athugasemda um það efni.“

Í síðari álitsgerð tryggingafræðingsins segir svo:

„Við endurútreikning hef ég tekið tillit til breytinga, sem orð-
ið hafa á kaптöxtum síðan í október 1975. Enn fremur eru nú
tiltækar upplýsingar um vinnutekjur verkamanna samkvæmt úr-
taksrannsókn Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1975. Nota ég þær
upplýsingar, en styðst frá ársbyrjun 1976 við reynslu 10 ára
tímabilsins 1966—1975 og umreikna tekjurnar með tilliti til
kaupbreytinga. Þegar tillit er tekið til þessara atriða, reiknast
mér árstekjur verkamanna verða sem hér segir:

Árið 1973	kr. 628.901.-
— 1974	— 949.003.-
— 1975	— 1.234.364.-
— 1976	— 1.468.494.-

Árið 1977 kr. 1.771.653.-

Eftir þann tíma — 1.785.827.-

Miðað við þessar árstekjur fullorðinna verkamanna, en lægri tekjur fram til 21 árs aldurs, svo sem frá er greint í fyrri útreikningi, reiknast mér verðmæti tapaðra tekna á slysdegi nema: Vegna tímabundins orkutaps í 4 mánuði kr. 4.642.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma — 747.360.-

 Samtals kr. 752.002.-

Hér er reiknað með 9% ársvöxtum til frambúðar. Ef reiknað er með 9% ársvöxtum frá slysdegi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum eftir þann tíma, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna verða því sem næst 32,7% lægra en að framan greinir.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings.“

Upplýst hefur verið undir rekstri málsins, að Ásgeir Húnbogason, eða stefnandi fyrir hans hönd, fékk greiddar slysabætur, kr. 25.000, frá tryggingarfélagi stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

III.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Vegna tímabundinnar örorku, þ. e. launatap í 13 vikur sumarið 1973 kr. 52.884
2. Vegna varanlegrar örorku skv. örorkumati Páls Sigurðssonar læknis og tjónaútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings, byggðum á því — 540.653
3. Miskabætur — 200.000
4. Útlagður kostnaður, þ. m. t. örorkumat og tjónsútreikningur — 27.135

 Samtals kr. 820.627

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á því, að slysið hafi orðið vegna skorts á tilsögn af hálfu verkstjóra Saltvers, en þegar verkstjórinn skipaði Ásgeiri Húnbogasyni að vinna umrætt verk, hefði hann átt að ganga úr skugga um, að verkið væri ekki hættulegt unglíngi, og sjá um að slökkva á vélinni, en sú vanræksla hafi orðið orsök á slysinu. Að auki hafi starfsmenn

stefnda vanrækt að hreinsa úrgang frá vélinni og hafi sú vanræksla átt þátt í, að slysið varð. Stefndi beri ábyrgð á þessum yfirsjónum starfsmanna sinna samkvæmt reglunni um húsbónda-ábyrgð. Stefnandi bendir á, að þreyta Ásgeirs eftir óhæfilega langan vinnudag kunni að hafa átt sinn þátt í því, að slysið varð, en alla ábyrgð á slíku verði að leggja á stefnda og að auki sé um að ræða brot á 41. gr., 2. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, þar sem Ásgeir hafi verið þrettán ára, er slysið varð. Þá er því haldið fram, að af hálfu stefnda hafi verið vanrækt að tilkynna um slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, eins og boðið sé í 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, en lögreglurannsókn, sem fram fór nokkru síðar, hafi verið að frumkvæði lögmanns stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að slysið verði ekki rak-
ið til vanbúnaðar tækja, skorts á öryggisbúnaði eða ófullnægj-
andi verkstjórnar. Ástæðu slyssins kveður hann hljóta að hafa
verið þá, að Ásgeir hafi verið að fikta við að stinga burstanum
ofan í vélina, sem hafi hrífsað burstann úr hendi hans, en hann
ekki verið nægilega viðbragðsfljótur til að forða hendinni. Jafn-
vel þótt svo yrði talið, að orsök slyssins væri sú, að hann hefði
runnið í fiskúrgangi, sem verið hefði á gólfinu, sé það ekki sök
stefnda eða starfsmanna, sem hann beri ábyrgð á, þar sem svo
hljóti alltaf að vera í frystihúsum, að þar sé fiskúrgangur á gólf-
um. Þá skipti og eigi máli, þótt Öryggiseftirlitið hafi eigi verið
kallað á staðinn eftir slysið, þar sem marningsvélin hafi verið
skoðuð af Öryggiseftirlitinu bæði fyrir og eftir slysið og verið
talin fullkomlega lögleg. Þá er því mótmælt, að hinn langi vinnu-
dagur þennan dag skipti hér máli, svo og að lög nr. 53/1966, 41.
gr., 2. mgr., geri ábyrgð stefnda ríkari, þar sem honum verði
ekki um það kennt, þótt foreldrar drengsins hafi kosið að láta
hann vinna í frystihúsi. Varakrafa stefnda er á því byggð, að
dómkröfur stefnanda séu allt of háar að undanskildum 4. kröfu-
liði, og í því efni er því m. a. mótmælt, að Ásgeir hafi orðið fyr-
ir nokkru mælanlegu örorkutjóni. Varakrafan er einnig rökstudd
á þann hátt, að skipta beri sök, þar sem Ásgeir eigi lang mesta
sök á slysinu vegna aðgæsluleysis.

IV.

Dómurinn lítur svo á, að ætlað brot stefnda á 41. gr., 2. mgr.,
laga nr. 53/1966 felli eigi bótaábyrgð á hendur honum, enda

var yfirvinna Ásgeirs Húnbogasonar yfirleitt hófleg og eigi í ljós leitt, að hann hafi verið haldinn óhæfilegri þreytu, er slysið varð. Stefndi vanrækti að fara að fyrirmælum 26. gr. laga nr. 23/1952 og 2. gr., 2. tl., laga um meðferð opinberra mála, með því að hann tilkynnti eigi Öryggiseftirliti ríkisins um slysið eða hlutaðist að öðru leyti til um opinbera rannsókn vegna þess. Stefnanda verður eigi dæmt áfall með skírskotan til þessa, þar sem dómkröfur stefnanda eru eigi reistar á vanbúnaði eða galla á marningsvél, og málavextir teljast vera nægilega upplýstir, en í dómi þessum verður frásögn Ásgeirs um aðdraganda slyssins lögð til grundvallar.

Þegar virt eru atvik að slysinu, þykir ljóst, að það verði alfarið rakið til vanrækslu verkstjórans, Sólrúnar Jensdóttur, við að leiðbeina Ásgeiri Húnbogasyni um hreinsun marningsvélarinnar og skorts á eftirliti með framkvæmd starfans. Henni bar að ganga úr skugga um, að slökkt væri á vélinni, áður en tekið væri til við hreinsunina. Stefndi ber ábyrgð á þessari yfirsjón samkvæmt reglu skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð. Ber því að leggja fébótaábyrgð vegna tjóns Ásgeirs Húnbogasonar óskorad á stefnda, enda er ósannað, að Ásgeir hafi sjálfur átt nokkra sök á slysinu.

Með hliðsjón af örorkumati, tjónmatsgerðum og öðrum gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, undanþágu bótagreiðslu frá tekjuskatti og tekjuútsvari svo og hagræði eingreiðslu þykir tjón Ásgeirs Húnbogasonar samkvæmt kröfuliðum 1 og 2 hæfilega metið kr. 400.000. Þá hafa verið frá dregnar tryggingarbætur frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 25.000.

Bætur samkvæmt kröfuliði 3 þykja að virtum læknisgögnum málsins hæfilega ákveðnar kr. 100.000.

Kröfuliður 4 hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt framanrituðu telst óbætt tjón Ásgeirs Húnbogasonar nema kr. 527.135 (kr. 400.000 + kr. 100.000 + kr. 27.135). Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 9% ársvöxtum frá 26. júní 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til stefnanda ákveðst kr. 165.900 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni, kr. 150.000 í

talsmannslaun, en kr. 15.900 er útlagður kostnaður vegna málsóknar stefnanda.

Stefndi greiði kr. 165.900 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Eypóri Þórðarsyni vélstjóra og Sigurbirni Pálssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Runólfur Sölvason, greiði stefnanda, Húnboga Þorleifssyni f. h. ólögráða sonar síns, Ásgeirs, kr. 527.135 ásamt 9% ársvöxtum frá 26. júní 1973 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 165.900, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Garðari Garðarssyni héraðsdómslögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Stefndi greiði kr. 165.900 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 6. nóvember 1979.

Nr. 8/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Pétri Sigurðssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.